

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 30. júlí 2013
2013070004/40
TB
tb


Nýtingarleyfi fyrir borholu HU-03 Húsavík, umsögn

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 5. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Orkuveitu Húsavíkur ohf. um leyfi til að nýta vatn úr holu HU-03 í landi sveitarfélagsins Norðurþings.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir innsend gögn. Gögnin benda til að umrædd borhola hafi verið boruð fyrst 1964 og einnig nýtt þó það komi ekki beinlínis fram í innsendum gögnum. Náttúrufræðistofnun kannaði staðsetningu holunnar (kort fylgdi ekki) samkvæmt uppgefnum hnitum og er hún við íþróttasvæði í jaðri bæjarins „innan“ þéttbýlis.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við nýtingu holu HU-03.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
Forstöðumaður stjórnsýsludeildar

